

## Fundargerð stjórnar SOS nr. 291

**Staður:** Fundarsalur SASS að Austurvegi 56, Selfossi & Teams fjarfundur

**Dagsetning og tími:** 24. mars 2020 kl. 15:00.

Mætt voru: Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH) í fjarfundi, Ingibjörg Kjartansdóttir (IK), Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG) í fjarfundi og Gísli Halldór Halldórsson (GHH) í fjarfundi. Þá mætti á fundinn Stefán Gíslason (SG) í fjarfundi, Bjarni Guðmundsson (BG) SASS og Ólafur Gestsson (ÓG) PWC.

### 1. Ársreikningur 2019.

Ólafur Gestsson, endurskoðandi frá PWC, kynnti drög að ársreikningi 2019.

### 2. Covid-19

Formanni falið að kalla eftir viðbragðsáætlunum frá þeim aðilum sem þjónusta sveitarfélög innan SOS, þar sem lýst væri hugsanlegum atvikum sem upp gætu komið og hvaða viðbrögð væru þá fyrirhuguð. Tilgangurinn er að geta miðlað slíkum greiningum til aðildarsveitarfélaga SOS.

### 3. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi

SG gerir grein fyrir stöðu mála.

Stjórn samþykkir að næsti fundur stjórnar verði haldinn klukkan 15:00 þann 22. apríl næstkomandi.

Fundi slitið klukkan 16:00